

Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 4522800, íþróttahús: 4522750

Veffang: <http://hofdaskoli.is>

Netfang: [hofdaskoli@hofdaskoli.is](mailto:hofdaskoli@hofdaskoli.is)



## Starfsreglur skólaráðs

Skólaráð Höfðaskóla starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og Reglugerð nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla.

### Hlutverk og skipan

Í Höfðaskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs Höfðaskóla og situr hann í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, einn fulltrúi foreldrafélags, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi nærsamfélagsins. Aðstoðarskólastjóri er ritari skólaráðs og stýrir ráðinu í forföllum skólastjóra.

### Verkefni skólaráðs

Skólaráð Höfðaskóla tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð Höfðaskóla:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda
- fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað og aðstæður eru til tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar
- Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

### Kosning í skólaráð

Skipað er í ráðið til tveggja ára í senn og er það ýmist gert með formlegum hætti á fundum eða með tilnefningum.